

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1989

10. janúar 1989

3

Nr. 2

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til fjárlaga fyrir árið 1989 hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob- verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með desember 1988 til og með maí 1989.

1. Frysting	3.0%
2. Rækjuvinnsla	3.0%
3. Hörpudiskvinnsla	3.5%
4. Síldarsöltun	2.0%
5. Söltun	2.0%
6. Hersla	2.0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	3.0%
8. Lifralýsi	2.0%
9. Ísvarin og kæld flök	2.0%

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1989.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Kristján Skarphéðinsson.

2. janúar 1989

Nr. 3

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 495 14. ágúst 1981 um gatnagerðargjöld í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt fjórðu grein greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afbögnum á næstu fjórum árum. Gjaldtagi afborgana er 1. júlí. Skuldin er bundin lánskjaravísitölu. Ársvextir skulu vera á hverjum tíma þeir sömu og vextir Bygðasjóðs á lánum til sveitarfélaga vegna lagningar bundins slitlags.

Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1989.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.